Neyðarfjarskiptakerfi

Almannavarnir hafa í mörg ár rekið fjarskiptakerfi. Kerfið er svokallað VHF kerfi og svipar til þess fjarskiptakerfis sem björgunarsveitirnar hafa byggt upp. Kerfið er komið til ára sinna og uppfyllir ekki kröfur nútímans til neyðarfjarskipta. Það er því mikill áfangi nú þegar verið er að byggja upp nýtt neyðarfjarskiptakerfi á landsvísu þ.e. TETRA kerfið. Fjarskiptakerfi almannavarna náði aldrei yfir allt landið en hafði ágæta útbreiðslu á suð-vesturhorni landsins og á Suðurlandi. Einnig var ágætt samband á afmörkuðum svæðum annars staðar á landinu.

Með TETRA kerfinu næst meiri útbreiðsla en áður hefur þekkst í neyðarfjarskiptum hér á landi. Þó að t.d. kerfi björgunarsveitanna nái nú yfir stóran hluta landsins er það ekki samtengt og því ekki auðvelt að tala milli landshluta. Nú er hægt að ná sambandi af slysavettvangi við viðbragðsaðila og stjórnstöðvar og þannig tryggja góða neyðarþjónustu.

Það er skylda almannavarna að nýta sem best þá möguleika sem TETRA kerfið býður upp á og auka með því getu til að samhæfa neyðaraðgerðir. Því hefur verið ákveðið að leggja eldra fjarskiptakerfi almannavarna niður og færa neyðarfjarskipti almannavarna yfir í TETRA. Þetta verður gert þegar TETRA kerfið hefur náð tilætlaðri útbreiðslu og almannavarnanefndir hafa keypt TETRA notendabúnað.

Öryggisfjarskipti ehf sjá um uppsetningu og rekstur kerfisins. Fyrirtækið er í eigu ríkisins og Neyðarlínunnar. Nú í júní 2007 er verið að leggja lokahönd á uppsetningu á 105 sendum víða um landið. Útbreiðslu kerfisins má sjá á meðfylgjandi korti en komið hefur í ljós að útbreiðsla og styrkur kerfisins er meiri en kortið sýnir. Til viðbótar þessum 105 sendum er nú til 45 sendar til að ná frekari útbreiðslu þar sem þörf er á. Í þessari útgáfu kerfisins er hægt að setja allt að 200 senda upp en talið er að ásættanleg útbreiðsla náist með 150 sendum.



Mikilvægt er að viðbragðsaðilar taki með jákvæðum hætti þátt í uppbygginu kerfisins. Nauðsynlegt er að þjálfa viðbragðsaðila í notkun kerfisins til þess að það nýtist sem best við erfiðar aðstæður. Samhliða þjálfun geta viðbragðsaðilar skoðað útbreiðslu kerfisins og þar með kortlagt útbreiðsluna á sínu starfsvæði gert prófanir og safnað upplýsingum um skuggasvæði og komið þeim upplýsingum til sinna tengiliða. Þessir tengiliðir eru t.d. Fjarskiptaráð björgunarsveitanna, Fjarskiptamiðstöð ríkislögreglustjóra og almannavarnadeild ríkislögreglustjórans auk Neyðarlínunnar. Setja má þessar athugasemdir fram á einfaldan hátt í skjali sem finna má á heimasíðu almannavarnadeildarinnar www.almannavarnir.is.

TETRA kerfið er meira en bara einfalt fjarskiptakerfi. Kerfið má nota til gagnaflutninga t.d. vegna ferilvöktunar. Ferlivöktun er öflugt tæki fyrir stjórnendur aðgerða. Þeir geta þá séð ökutækin eða jafnvel einstaka viðbragðsaðila á kortagrunni og sent þann sem er næstur á vettvang eða leiðbeint viðkomandi á réttan stað.

Notendabúnaðurinn er einfaldur, ýmist fastar stöðvar til dæmis í bílum og stjórnstöðvum eða litlar handstöðvar fyrir einstaklinga en þær henta einnig vel í stjórnstöðvar. Algengasta stöðin er Motorola 850 handstöð. Sú stöð er með innbyggðu GPS staðsetningartæki og hefur reynst vel. Fjarskiptaráð björgunarsveita hefur á heimasíðu Slysavarnafélagsins Landsbjargar, www.landsbjorg.is birt leiðbeiningar til björgunarsveita um val á búnaði og leggur ráðið mikla áherslu að björgunarsveitir styðjist við þær leiðbeiningar við val á búnaði. Þetta tryggir einfaldleika í þjónustu við sveitirnar.

Almannavarnadeild ríkislögreglustjóra mælir með að almannavarnanefndir skipti sem fyrst yfir í TETRA kerfið og festi kaup á viðeigandi búnaði. Ekki er ráðlegt að kaupa stöðvar til að geyma í læstum hirslum og grípa til við meiriháttar neyðarástand. Með því að fela slökkviliðum umsjón með ákveðnum fjölda stöðva eða gera samninga við björgunarsveitir um slíkt er hægt að tryggja þekkingu viðbragðsaðila á notkun þeirra. Á nokkrum stöðum hafa almannavarnanefndir samið við björgunarsveitir um afnot að húsnæði þeirra fyrir staðbundnar stjórnstöðvar. Í slíkum stjórnstöðvum er kjörið að vera með Motorola 850 stöð sem er þá hægt að fara með um húsið og út á vettvang ef á þarf að halda. Mögulegt er að fá lánaðar stöðvar hjá Öryggisfjarskiptum ehf til að kanna hvort slíkar stöðvar henti á hverjum stað áður en keyptar eru stöðvar.

Þeir menn sem komu á fjarskiptakefi almannavarna á sínum voru framsýnir og sáu mikilvægi þess að ólíkir viðbragðsaðilar gætu talað saman á einni rás til að fá yfirsýn yfir atburði. Nú er tækifæri að taka næsta skref og færa öll neyðarfjarskipti yfir í kerfi sem býður uppá samskipti þar sem allir viðbragðsaðilar geta tekið þátt auk ýmissa annarra möguleika sem kerfið býður uppá.

Reykjavík 29. júní 2007

Víðir Reynisson

deildarstjóri almannavarnadeildar ríkislögreglustjóra